

ÁRSSKÝRSLA 2023



HEILSUGÆSLA
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra	3
Framkvæmdastjórn	4
Skipurit HH	5
Heilsugæslustöðvar	6
Samskipti á heilsugæslustöðvum	7
Mínar síður	11
Heilsuvernd grunnskólabarna	13
Þjónustukönnun 2023	14
Sérhæfð þjónusta	16
Geðheilbrigðisþjónusta	17
Geðheilsumiðstöð barna	19
Svæðisbundin geðheilsuteymi	20
Heimahjúkrun	21
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	23
Heilsubrú	24
SKS – Krabbameinsskimanir	26
Upplýsingamiðstöð	29

Breytingar á húsnæði	34
Covid-munir á Þjóðminjasafnið	36
Fræðadagur	36
Vefur og kynningarmál	37
Mannauður	38
Ársverk	39
Starfsemi og starfsánægja	43
Þjálfun og námskeið	45
Árshátíð	46
Rekstrarreikningur	47
Þróun tekna á árunum 2020-2023	48
Launakostnaður	49
Afgangur af rekstri	50
Efnahagsreikningur	51
Eigið fé	52
Heildarkostnaður heilsugæslustöðva	53
Heildarkostnaður annarra starfsstöðva	54



ÁVARP FORSTJÓRA



Nú eru fyrstu mánuðir mínir sem forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að baki, eftir að hafa verið framkvæmdastjóri lækninga í fimm ár og jafnframt starfað sem heimilislæknir í 30 ár.

Ég tek við góðu búi af Óskari Reykdalssyni, fyrrverandi forstjóra. Jónas Guðmundson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og reksturs, lét einnig af störfum á árinu og ég vil nota tækifærið og þakka þeim báðum fyrir þeirra framlag og gott samstarf í gegnum árin. Það eru því talsverðar breytingar á framkvæmdastjórn og ég bið nýja liðsmenn velkomna í hópinn.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur vaxið mikið undanfarin ár. Þjónustan í boði er fjölbreyttari og fleiri stéttir fagfólks starfa hjá stofnuninni. Samhliða því hefur ásókn í þjónustu aukist verulega svo jafnvel með auknu framboði höfum við ekki haft við.

Mikilvægt er að bregðast við og stýra mikilli eftirspurn, tryggja rétta þjónustu á réttum stað og réttum tíma. Að því vinnum við hjá stofnuninni ötullega.

Við viljum bjóða upp á aðgengilega þjónustu og veita þjónustu þar sem hennar er mest þörf. Áherslan er á að meta erindi þegar þau berast og koma þeim í réttan farveg. Við viljum sinna sem flestum en þurfum jafnframt að tryggja að okkar fagfólk hafi tíma til að sinna einstaklingum með flóknari vanda.

Við höfum lagt mikla áherslu á að efla upplýsingagjöf til almennings með fræðslu á vef og fjölbreyttum námskeiðum. Þannig bætum við þekkingu skjólstæðinga okkar og veitum starfsfólki fleiri úrræði.

Eftir mörg krefjandi ár með margvíslegum nýjum áskorunum og verkefnum er vonandi að komast á jafnvægi hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Nú leggjum við áherslu á að ná aftur vopnum okkar og styrkja stoðir stofnunarinnar. Við munum vinna áfram að því að hlúa að grunnstarfseminni og ekki síður starfsfólkinu okkar, sem er okkar mikilvægasta auðlind.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir forstjóri



FRAMKVÆMDASTJÓRN

Nokkrar breytingar urðu á framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á árinu 2023. Óskar Reykdalsson lét af embætti forstjóra stofnunarinnar og var Sigríður Dóra Magnúsdóttir, áður framkvæmdastjóri lækninga, ráðin í hans stað í september.


Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar, hætti fyrir aldurs sakir á árinu. Staðan var auglýst og var Helgi Þorsteinsson ráðinn í starfið í október. Jónas sinnti þó áfram ýmsum verkefnum fyrir stofnunina.

Nanna Sigríður Kristinsdóttir tók tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra lækninga af Sigríði Dóru á meðan staðan var auglýst.

Í lok árs 2023 var framkvæmdastjórn HH þannig skipuð:

- **Sigríður Dóra Magnúsdóttir** forstjóri
- **Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir** framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu
- **Helgi Þorsteinsson** framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar
- **Nanna Sigríður Kristinsdóttir** settur framkvæmdastjóri lækninga
- **Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir** framkvæmdastjóri hjúkrunar
- **Svava Kristín Þorkelsdóttir** framkvæmdastjóri sviðs mannauðs og nýliðunar

Framkvæmdastjórn HH fundar að jafnaði vikulega og eru fundargerðir aðgengilegar öllum á vef stofnunarinnar.



Sigríður Dóra Magnúsdóttir



Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir



Helgi Þorsteinsson



Nanna Sigríður Kristinsdóttir



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir




Svava Kristín Þorkelsdóttir



SKIPURIT HH

- Fimmtán heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru kjarninn í starfseminni.
- Sérhæfð þjónusta á borð við geðheilbrigðisþjónustu hefur aukist verulega að umfangi á undanförunum árum.
 - Þrjú staðbundin geðheilsuteymi
 - Fimm geðheilsuteymi sem starfa á landsvísu
- Sérhæfð þjónusta og stoðsvið styðja við kjarnastarfsemi eða sinna öðrum verkefnum.
 - Heimahjúkrun
 - Héraðsvakt
 - Færni og heilsumatsnefnd
 - Heilbrigðissskoðun innflytjenda
 - Heilsubrú
 - Heilsugæsla Hólmsheiði
 - Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana
 - Skrifstofa heilsugæslunnar
 - Upplýsingamiðstöð
 - Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu




HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfrækir fimmtán heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Stöðvarnar þjóna alls um 180 þúsund skjólstæðingum.

Á stöðvunum er meðal annars eftirfarandi þjónusta í boði:

- Heimilislækningar, þar sem sinnt er bráðum og langvinnum heilsuvanda með áherslu á samfellda þjónustu.
- Heilsuvernd á tilteknum æviskeiðum; meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólakarna og heilsuvernd eldra fólks.
- Opin móttaka, bókuð móttaka og heilsueflandi móttaka, þar sem fjölbreytt þjónusta er veitt.
- Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og fullorðna, bæði einstaklings- og hópmeðferðir.
- Önnur þjónusta, svo sem leghálsskimun, félagsráðgjöf, hreyfiseðlar og önnur þjónusta sjúkraþjálfara.



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Heildarsamskipti eftir stöðvum 2023

Tölur með síðdegisvakt en án námskeiða

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera
Heilsugæslan Árbæ	44.888	24.895	527	37.341
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	20.783	23.776	148	22.196
Heilsugæslan Efstaleiti	19.558	14.702	355	24.126
Heilsugæslan Fjörður	27.071	25.313	368	24.828
Heilsugæslan Garðabæ	34.939	24.967	681	30.161
Heilsugæslan Glæsibæ	20.362	12.362	366	17.119
Heilsugæslan Grafarvogi	26.227	20.334	471	19.802
Heilsugæslan Hamraborg	25.955	20.707	277	23.147
Heilsugæslan Hlíðum	31.182	21.342	659	26.199
Heilsugæslan Hvammi	23.360	16.277	223	20.259
Heilsugæslan Miðbæ	29.601	17.298	376	26.559
Heilsugæslan Mjódd	31.052	18.683	307	22.608
Heilsugæslan Mosfellsbæ	26.251	16.795	453	17.035
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	37.974	20.056	650	41.925
Heilsugæslan Sólvangi	42.271	26.760	678	39.924



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Fjöldi samskipta á heilsugæslustöðvum eftir þjónustuflokkum 2023

Tölur með síðdegisvakt

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera	HAM
Almenn læknishjálp	234.148	193.644	91	-	-
Hjúkrun á dagvakt	136.515	82.932	1.910	-	-
Heilsueflandi móttaka	5.918	3.398	57	-	-
Mæðravernd	20.923	7.796	-	-	-
Ungbarnavernd	25.766	8.300	4.479	-	-
Sálfræðiþjónusta	9.423	4.506	-	-	-
Skimun	6.972	28	-	-	-
Sjúkrapjálfun, næringar- meðferð, lyfjafræðingar, félagsráðgjafar	2.024	3.464	-	-	-
Heilsuvera	-	-	-	393.052	-
HAM-námskeið	-	-	-	-	1.156



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM


Fjöldi samskipta eftir fagstéttum							
	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Í gegnum Heilsuveru			HAM
				Lyfja- endurnýjanir	Fyrirspurnir	Skilaboð	
Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður	198.744	103.089	6.448	54	7.730	8.374	-
Sjúkrapjálfarar	1.039	2.562	-	-	-	-	-
Læknar	257.012	198.469	170	196.226	70.233	51.661	-
Ritarar	-	7.233	-	8.185	40.685	12.799	-
Sálfræðingar	10.298	4.476	-	-	406	3.251	1.129
Aðrir	2.200	421	-	-	-	-	-



MÍNAR SÍÐUR

Mikil aukning hefur verið í rafrænum samskiptum í gegnum Mínar síður Heilsuveru frá því opnað var fyrir þann möguleika. Fjöldinn jókst hratt á meðan heimsfaraldri Covid-19 stóð og hefur haldist hár síðan. Árið 2023 var enn eitt metárið í fjölda samskipta, en aukningin milli ára er minni en síðustu ár.



Verulegur hluti þessara samskipta eru endurnýjanir á lyfseðlum. Því fylgir umtalsvert hagræði bæði fyrir skjólstæðinga og starfsfólk að hægt sé að endurnýja lyfseðla með þessum hætti.



MÍNAR SÍÐUR

Rafræn samskipti í gegnum Heilsuveru skiptast í tvo hluta.

- Fyrirspurnir frá almenningi til heilsugæslustöðva og skilaboð frá heilsugæslustöðvum til skjólstæðinga, til dæmis um niðurstöður úr blóðprufum, námskeið og fleira.
- Endurnýjanir á lyfseðlum sem áður fóru í mun meira mæli fram í gegnum síma.



HEILSUVERND GRUNNSKÓLABARNA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sinnir heilsuvernd skólabarna í 70 grunnskólum. Markmiðið með þjónustunni er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Hjúkrunarfræðingar sem sinna heilsuverndinni eru í alls 29,2 stöðugildum og er hvert stöðugildi að sinna að meðaltali 848 nemendum. Fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar reiknar með 650 nemendum á hvert stöðugildi.

Aukinn fjöldi nemenda á hvern starfsmann hafði þau áhrif að árangursmarkmið í mörgum þáttum starfseminnar náðust ekki. Til að ná árangursmarkmiði í mönnun þyrfti að bæta við sex stöðugildum.

Skólar innan HH										
	2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023	
	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.
Skipulögð fræðsla*	65.231	2,6	43.223	1,7	52.529	2,0	39.918	1,6	54.851	2,2
Önnur fræðsla**	66.828	2,7	49.612	2,0	80.033	3,1	85.536	3,3	84.680	3,4
Viðtal um heilsu og líðan	9.538	0,4	9.103	0,4	10.113	0,4	9.690	0,4	9.390	0,4
Bólusetningar	7.440	0,3	7.531	0,3	7.763	0,3	7.472	0,3	7.661	0,3
Skimanir	19.993	0,8	19.053	0,8	20.622	0,8	19.711	0,8	19.188	0,8
Einstaklingsþjónusta	33.296	1,3	24.601	1,0	24.154	0,9	21.554	0,8	21.613	0,8
Heildar-samskipti	202.326	8,1	153.123	6,0	195.214	7,6	183.881	7,2	197.383	7,2
Nemendafjöldi	25.061	-	25.355	-	25.686	-	25.605	-	24.785	-



*Fræðsla og foreldrar upplýstir **Önnur fræðsla og tölvupóstur



ÞJÓNUSTUKÖNNUN 2023

Sjúkratryggingar Íslands endurtóku á árinu könnun sem stofnunin gerði árin 2019 og 2022. Þar voru notendur þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins spurðir um upplifun þeirra af þjónustu heilsugæslustöðva.

Niðurstöðurnar vörpuðu ljósi á það sem vel er gert í starfseminni og hvar úrbóta er þörf. Unnið var með niðurstöðurnar á ýmsan hátt, til dæmis með forflokkun erinda í gegnum Upplýsingamiðstöð HH og þjálfun fyrir starfsfólk í móttöku heilsugæslustöðva.




ÞJÓNUSTUKÖNNUN 2023

Hvernig gekk að fá hentugan tíma síðast þegar þú leitaðir eftir því?

■ 2022 ■ 2023

Hversu brýnt var erindið síðast þegar þú leitaðir eftir tíma á heilsugæslu?



SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

Heildarsamskipti eftir sérþjónustu					
	Viðtal	Símtal	Vitjun	Heilsuvera	Annað
Heimahjúkrun	63	21.713	129.075	12	2
Geðheilsuteymi	30.736	22.947	842	4.919	3
Heilbrigðissskoðun innflytjenda	15.235	496	107	77	-
Hólmsheiði	1.672	400	-	-	-
Héraðsvaktin	4	185	429	1	3
Heilsubrú	2.238	1.149	-	297	-
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	1	*	-	1.019	-
Upplýsingamiðstöð HH	2	40.254	-	4.922	2.913
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	246	66	1	11	-
*Samhæfingarstöð krabbameinsskimana skráir símtöl með öðrum hætti en aðrar starfseiningar og eru samskipti í gegnum síma ekki í þessari töflu.					



GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Áhersla var áfram á eflingu geðheilbrigðisþjónustunnar en Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins veitir þjónustu bæði á 1. og 2. þjónustustigi. Sálfræðingum hélt áfram að fjölga í heilsugæslu og í geðheilsuteymum og fleiri fagstéttir hafa bæst við. Fleiri heilsugæslustöðvar hafa ráðið til sín félagsráðgjafa. Þá var ráðinn geðjúkrunarfræðingur í tilraunaverkefni á Heilsugæsluna Hlíðum og Heilsugæsluna Miðbæ til að sinna langveikum.

Á árinu 2023 var ráðið í tvær stöður leiðtoga, annars vegar leiðtoga sálfræðiþjónustu fullorðinna og hins vegar leiðtoga sálfræðiþjónustu barna. Hlutverk þeirra er að leiða skipulag og þróun á sálfræðiþjónustu innan HH í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Á árinu tók HH upp samstarf við Mína líðan, sem veitir rafrænar staðlaðar sálfræðimeðferðir fyrir fullorðna, og Betri svefn, sem býður rafrænar hugrænar atferlismeðferðir (HAM) við svefnvanda.

HH rekur alls átta geðheilsuteymi og voru þau eflað enn frekar á árinu 2023. Teymin eru: Geðheilsumiðstöð barna, Geðheilsuteymi ADHD, Geðheilsuteymi fangelsa, Geðheilsuteymi taugabroskaraskana, Heilaörvunarmiðstöð og þrjú staðbundin geðteymi; austur, suður og vestur.

HH veitir nú einnig geðheilbrigðisþjónustu í Heilsubrú, sem er nýtt lágþröskuldaúrræði innan stofnunarinnar. Árið 2023 var byrjað að bjóða upp á hugræna atferlismeðferð (HAM) á námskeiðum fyrir fólk með kvíða eða þunglyndi og námskeið fyrir fólk með svefnvanda.




Fjallað var um starfsemi Heilaörvunarmiðstöðvar HH í Kastljósi Sjónvarpsins í byrjun árs 2023. Miðstöðin veitir svokallaða TMS-meðferð við meðferðarþráu þunglyndi.




GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Samskiptum starfsmanna í geðheilbrigðisþjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fjölgaði á síðasta ári í takti við aukna þjónustu við skjólstæðinga. Þó fækkaði samskiptum sálfræðinga á heilsugæslustöðvum við skjólstæðinga milli ára. Fækkunin skýrist aðallega af færri símtölum en áður en fjöldi viðtala er svipaður og árið 2022. Símtölum sálfræðinga fjölgaði í heimsfaraldri Covid-19 en hefur fækkað eftir að honum lauk. Þá var einnig aukið framboð á öðrum úrræðum á árinu 2023, meðal annars námskeiðum og hópmeðferðum hjá Heilsubró HH.



GEÐHEILSUMIÐSTÖÐ BARNNA

Nýjar tilvísanir til GMB*




*Tilvísanir í fjölskylduteymi 0-5 ára eru ekki með í þessum tölum

Geðheilsu- og heilsumiðstöð barna (GMB) starfar á landsvísu og er skilgreind sem 2. stigs geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglunga. Þverfaglegur starfshópur innan GMB vinnur eftir markvissu skipulagi þar sem fagleg gæði eru höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á gott viðmót og fjölskyldumiðaða þjónustu. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu.

Á GMB starfar þverfaglegur hópur starfsmanna. Í lok árs 2023 störfuðu þar alls 46 starfsmenn í 40,7 stöðugildum. Stærsti starfshópurinn eru sálfræðingar en auk þess starfa á GMB barna- og unglíngageðlæknar, barnalæknar, læknar, félagsráðgjafar, iðjupjálfar, hjúkrunarfræðingar, talmeinafræðingur, fjölskyldufræðingar, verkefnastjóri, skrifstofufólk og móttökuritarar.

Tilvísunum til GMB hefur fjölgað töluvert á milli ára og voru þær rúmlega 1.600 á árinu 2023, um 38 prósent fleiri en árið 2022. Ýmsar ástæður eru fyrir fjölgun tilvísana, en þeim hefur fjölgað mest í greiningarteymi miðstöðvarinnar. Þá hóf nýtt meðferðarteymi starfsemi á árinu og fjölgaði tilvísunum til þess teymis jafnt og þétt. Fjölskylduteymi 0-5 ára var með eigin biðlista á árinu en listinn var sameinaður biðlista GMB í lok árs 2023.

Staða tilvísana sem bárust 2023



SVÆÐISBUNDIN GEÐHEILSUTEYMI

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur þrjú svæðisbundin geðheilsuteymi á höfuðborgarsvæðinu; Geðheilsuteymi austur, Geðheilsuteymi suður og Geðheilsuteymi vestur. Teymin bjóða upp á 2. stigs sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga 18 ára og eldri með meiri þjónustupörf en hægt er að mæta á heilsugæslustöðvum.


Teymin veita einstaklingsmiðaða meðferð og endurhæfingu með áherslu á styrkleika, lífsgæði og valdeflingu. Meðal meðferðartími hjá teymunum var á bilinu 9 til 12 mánuðir.

Teymunum bárust samtals 813 tilvísanir á árinu 2023. Flestar, um 61%, bárust frá öðrum einingum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Einnig barst umtalsverður fjöldi tilvísana frá Landspítalanum og þjónustumiðstöðvum sveitarfélaganna.


Hluti af meðferðarúrræðum geðheilsuteymanna eru ýmiskonar námskeið, til dæmis áfallanámskeið, fræðsla fyrir aðstandendur, ýmiskonar hugræn atferlismeðferð (HAM), heilsunámskeið og fleira.

Mælingar á starfsemi teymanna þriggja sýndu að góður árangur var af þeirri meðferð sem þau veittu. Mælingar við bæði upphaf og lok meðferðar sýndu að verulega dró úr kvíðaeinkennum og þunglyndiseinkennum. Í lok meðferðar voru um 69% frekar til mjög ánægð með lífsgæði sín, samanborið við 45% við upphaf meðferðar.

Tilvísanir til svæðisbundinna geðheilsuteyma



Lífsgæðakvarði fyrir og eftir meðferð



HEIMAHJÚKRUN HH


Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinnir skjólstæðingum í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Á hverjum tíma eru um 780 skjólstæðingar sem þiggja aðstoð. Starfsmenn heimahjúkrunar eru um 150 talsins í tæplega 90 stöðugildum.

Á árinu 2023 bárust 1.009 beiðnir um heimahjúkrun. Ekki er sjálfgefið að allir þeir sem sótt er um heimahjúkrun fyrir fái þjónustu. Eftir að endurhæfingateymi heimahjúkrunar tók til starfa í september árið 2018 fara um 30% beiðna í gegnum endurhæfingateymið og er það reynsla síðustu ára að 75% útskrifist þaðan sjálfbjarga, þau 25% sem eftir eru flytjast yfir í almenna


heimahjúkrun eða í önnur úrræði. Í um 10% tilvika enda beiðnir sem berast, ekki með því að viðkomandi einstaklingur fái þjónustu. Ástæðurnar fyrir því geta verið margvíslegar. Í sumum tilvikum er viðkomandi vísað áfram til félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélags, stundum afþakkar skjólstæðingur þjónustu og í einhverjum tilvikum er niðurstaðan sú að ekki sé talin þörf á aðstoð heimahjúkrunar.

Heimahjúkrun er veitt alla daga ársins milli klukkan 8:00 og 23:30. Stærsti hluti starfseminnar fer fram á dagvinnutíma en þó eiga um 40% vitjana sér stað utan dagvinnutíma, á kvöldin, um helgar og á helgidögum.

Fjöldi beiðna og fjöldi þeirra sem innritaðist í Heimahjúkrun HH



Afdrif beiðna um heimahjúkrun



HEIMAHJÚKRUN HH

Stærstur hluti starfsfólks Heimahjúkrunar HH eru hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Undanfarin ár hefur verið unnið að fjölgun fagstétta innan heimahjúkrunar með aukinni áherslu á þverfaglega teymisvinnu sem gerir starfsfólki kleift að veita enn betri þjónustu. Í Heimahjúkrun starfa hjúkrunarfræðingar, geðhjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfar, öldrunarlæknir, heimilislæknir, næringarfræðingur, íþróttافرæðingur, sjúkraliðar, félagsliðar, almennir starfsmenn, mannauðsfulltrúi og móttökuritarar.

Náið samráð og samstarf er við Landspítala, Heilsusetur á Sólvangi og félagsþjónustur sveitarfélaganna á starfssvæði Heima-hjúkrunar. Að auki greiðir Kópavogsbær fyrir stöðugildi félagsliða sem heimahjúkrun hefur umsjón með. Heimahjúkrun og félagsþjónusta í Kópavogi er því að hluta til samþætt sem hefur gefið mjög góða raun.


Á árinu 2023 voru samskipti heimahjúkrunar rúmlega 161 þúsund, eða um 440 að meðaltali á hverjum degi ársins. Vitjanir voru stærstur hluti þeirra samskipta, rúmlega 129

þúsund talsins, eða um 350 á hverjum degi að meðaltali.

Velferðartækni hefur rutt sér til rúms innan Heimahjúkrunar og fer nú nánast öll skráning vitjana fram í rauntíma á heimilum skjólstæðinga í gegnum Smásögu smáforrit í farsíma sem er hluti af sjúkraskrárkerfinu Sögu. Allt skipulag vitjana og uppsetning hjúkrunarferla fer fram í Sögu og birtist í Smásöguforritinu. Með því er hægt að tryggja að allir starfsmenn séu upplýstir um hjúkrunarþarfir skjólstæðings og hvaða meðferð skal veita og að upplýsingar uppfærast í rauntíma.

Sjálfvirkir lyfjaskammtarar hafa verið teknir í notkun, en þeir eru hugsaðir sem viðbót við þjónustuna til að tryggja að rétt lyf séu tekin á réttum tíma. Þar sem lyfjaskammtarar hafa reynst vel hefur verið unnt að draga úr vitjunum. Einnig er í gangi tilraunaverkefni um notkun snjallása á heimilum skjólstæðinga til að auðvelda starfsfólki aðgengi.

Samskipti Heimahjúkrunar HH



HEILBRIGÐISSKOÐUN INNFLYTJENDA

Heilbrigðisskoðun innflytjenda tekur á móti öllum sem sækja um alþjóðlega vernd og umsækjendum um dvalar- og atvinnuleyfi sem búa utan ESS.

Helsta verkefnið er heilsufarsskoðun þar sem tekið er stutt viðtal, blóðprufa þar sem skimað er fyrir ákveðnum sjúkdómum, röntgen mynd af lungum eða berklapróf og hægðasýni hjá börnum yngri en sex ára. Þá er metið hvort umsækjendur um alþjóðlega vernd þurfi að fá tíma hjá lækni eða


sálfræðingi vegna sjúkdóms eða undirliggjandi vanda. Niðurstöðunum er fylgt eftir og útbúið vottorð fyrir Útlendingastofnun sem staðfestir að skoðuninni sé lokið.

Á árinu 2023 tók Heilbrigðisskoðun innflytjenda við rúmlega 5.100 umsækjendum um alþjóðlega vernd og um 1.100 umsækjendum um dvalarleyfi. Þá fengu um 3.900 almenna læknishjálp eða hjúkrun og um 440 sálfræðipjónustu.


Hjá Heilbrigðisskoðun innflytjenda starfa ritara, hjúkrunarfræðingar, læknar, sálfræðingar og túlkar. Vel gekk að manna stöður, einkum þegar leið á árið.

Í lok ársins byrjaði starfsfólk að kynna starfsemina fyrir heilbrigðisstarfsfólki. Markmiðið með fræðslunni var að bæta þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og fyrirbyggja fordóma í heilbrigðiskerfinu.

Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd – Fyrsta koma



Fjöldi samskipta og einstaklinga



HEILSUBRÚ

Heilsubrú er þjónustueining sem sinnir heilsutengdri þjónustu en þar er ætlunin að koma til móts við skjólstæðinga með öðrum leiðum en tíðkast hafa til þessa innan HH. Heilsubrú sinnir á einum stað verkefnum sem áður var sinnt á mörgum starfseiningum og nær með því samlegðaráhrifum í rekstri og þjónustu. Kvenheilsa HH, sem náð hefur góðum árangri, er ein þeirra eininga sem heyrir undir Heilsubrú.

Heilsubrú stendur fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir almenning sem eiga að vera opin og aðgengileg. Markmiðið er að fólk geti sjálft skráð sig í fræðslu sem það telur sig þurfa. Námskeiðin eru eðlilegt fyrsta skref í að kynna sér heilsutengd málefni og nýta einnig tíma heilbrigðisstarfsfólks betur en einstaklingsfræðsla.

Hlutverk Heilsubrúar var víkkað enn frekar út þegar næringarfræðingur HH fluttist yfir til Heilsubrúar. Hann sinnir skjólstæðingum með einstaklingsmeðferðum í lengri eða skemmri tíma. Þá hefur næringarfræðingurinn sett af stað námskeið fyrir konur með meðgöngusykursýki í samstarfi við aðra aðila.

Hjúkrunarfræðingar sem starfa í framhaldsskólunum færðust einnig undir starfseiningu Heilsubrúar í byrjun haustannar. Þessi þjónusta hafði áður verið veitt af heilsugæslustöðvum í hverfum skólanna. Hjúkrunarfræðingar í framhaldsskólum sinna einstaklingsviðtölum ásamt því að vera með fræðslu fyrir skólana eftir þörfum. Tekin var upp sú nýjung að bjóða þessum hópi hjúkrunarfræðinga upp á handleiðslu hjá sálfræðingi og hefur það mælst vel fyrir.




HEILSUBRÚ

Heilsubrú bauð upp á fjölbreytt úrval námskeiða á árinu 2023. Áherslan var sú sama og hjá Kvenheilsu HH, þar sem boðið var upp á námskeið tengd heilsu kvenna, til dæmis um breytingaskeiðið og fitubjúg. Hjá Heilsubrú bættust við fjölbreytt námskeið um heilsutengd málefni.

Á árinu bættust við námskeið um getnaðarvarnir og fyrir konur sem komnar eru yfir tíðahvörf. Þá var byrjað að bjóða upp á námskeið um sykursýki 2 og sértækar offitumeðferðir.

Einnig var farið af stað með námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) við kvíða og þunglyndi og um haustið var bætt við hugrænni atferlismeðferð við svefnleysi. HAM-meðferðirnar eru hugsaðar sem lágþröskuldameðferð þar sem fólk skráir sig sjálft á vef HH og er engin krafa er gerð um greiningar eða tilvísanir. Skjólstæðingarnir mæta síðan í kynningar-tíma þar sem farið er yfir hvað felst í námskeiðinu og hverjum það hentar. Fólk tekur svo sjálft ákvörðun um hvort það vilji taka þátt. Hverju námskeiði fylgir einn einstaklings ráðgjafatími. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og einstaka þátttakendur fóru á bæði námskeiðin.



SKS – KRABBAMEINSSKIMANIR


Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) samhæfir og skipuleggur skimanir fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi. Þá hélt undirbúningur fyrir skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi áfram á árinu.

SKS hélt áfram að þróa verklag tengt skimunum á árinu 2023. Í maí náðist langþráður áfangi þegar byrjað var að senda boð í gegnum Heilsuveru, en fram að þeim tíma höfðu rafræn bréf aðeins farið inn á island.is.

Við þessi tímamót voru boðsbréf fyrir bæði leghálsskimanir og brjóstaskimanir endurhönnuð. Bréfin eru send bæði rafrænt og í bréfpósti. Texti bréfanna var uppfærður auk þess sem útlit þeirra var samræmt auglýsingum sem notaðar voru til að auka þátttöku í skimunum.

Í ágúst náðist annar áfangi þegar opnaðist fyrir þann möguleika að senda konum sem fengið höfðu boð í skimun áminningu í gegnum SMS-skilaboð.

Meðalfjöldi daga frá leghálssýnatöku til sendingar svarbréfs 2023



SKS – VITUNDARVAKNING UM SKIMANIR

Konur þekkja almennt vel fyrirkomulag skimana fyrir krabbameini og vita hvar þær eiga að sækja þjónustu. Mikil breyting hefur orðið á þekkingu á skimunum á undanfögnu ári samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Gallup vann fyrir Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) í janúar og febrúar 2023.

Könnun Gallup sýndi að ríflega 76% kvenna þekktu fyrirkomulag skimana fyrir brjóstakrabbameini og vissu hvert þær ættu að fara í skimun. Þekkingin hafði aukist verulega milli ára, en í byrjun árs 2022 sögðust um 52% kvenna þekkja fyrirkomulagið og vita hvert þær ættu að leita. Brjóstaskimanir fara fram á Brjóstamiðstöð Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þá er skimað fyrir brjóstakrabbameini á öðrum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni eftir fyrir fram ákveðinni dagskrá.

Svipað hlutfall kvenna þekkti fyrirkomulag leghálsskimana, rúmlega 72%. Þekking á leghálsskimunum hafði einnig aukist verulega frá árinu 2022, þegar ríflega 47% kvenna þekktu fyrirkomulagið og vissu hvert þær ættu að leita. Leghálsskimanir fara fram á heilsugæslustöðvum. Konur sem fengið hafa boðsbréf í skimun geta pantað tíma í gegnum vefinn heilsuvera.is.

Hvað af eftirfarandi á best við um vitund þína á núverandi fyrirkomulagi skimana fyrir brjóstakrabbameini?



Hvað af eftirfarandi á best við um vitund þína á núverandi fyrirkomulagi skimana fyrir leghálsskrabbameini?



SKS – UPPLÝSINGAR TIL ALMENNINGS

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana hefur meðal annars það hlutverk að auka þátttöku í krabbameinsskimunum. Ein þeirra leiða sem notaðar eru til að vekja athygli á skimunum og hvetja konur til þátttöku eru auglýsingar.

SKS lét hanna nýjar auglýsingar á íslensku, ensku og pólsku til að ná til kvenna og hvetja þær til að koma í skimanir fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini.

Auglýsingarnar voru unnar af auglýsingastofunni Hvíta húsið og birtar reglulega í vefmiðlum og á samfélagsmiðlum á árinu 2023.

Öll bréf sem berast til að bjóða konum í skimun voru einnig uppfærð á árinu til samræmis við útlit auglýsinganna.

**Er komið að
brjóstaskimun
hjá þér?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Brjóstaskimun

**Is it time for your
breast screening?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Brjóstaskimun

**Is it time for
your cervical
screening?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Leghálsskimun

**Er komið að
legghálsskimun
hjá þér?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Leghálsskimun

**Czy nadszedł czas
na badanie mammo-
graficzne u Ciebie?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Brjóstaskimun

**Czy nadszedł
czas na badanie
cytologiczne
u Ciebie?**

Heilsuvera.is
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

Leghálsskimun



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgar-svæðisins svarar erindum í síma og á netspjallinu. Ýmis erindi koma þar inn á borð og þjónustar miðstöðin allt landið. Á miðstöðinni vinna hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sérfræðingar og fulltrúar við að leysa úr erindum fólks og leiðbeina. Þau sem leita til miðstöðvarinnar fá samband við fulltrúa sem metur erindi þeirra og forgangsraðar eftir þar til gerðu verklagi.

Á árinu 2023 svaraði miðstöðin um 91 þúsund símtölum, sem er um 58% aukning milli ára. Netspjöll voru um 61 þúsund, helmingi færri en á árinu 2022. Skýringin á fækkuninni er að á árinu 2022 var enn verið að takast á við Covid-19 faraldurinn og var netspjallið meðal annars notað til að sækja um vottorð vegna fyrri sýkingar eða vottorð um neikvætt Covid-19 próf.

Í ágúst 2023 tók miðstöðin í gagnið nýtt bókunarkerfi en með tilkomu þess varð mögulegt að forflokka erindi og bóka fólk sem metið var í þörf fyrir samdægurs þjónustu í tíma á sína heilsugæslustöð. Heilsugæslan á Akureyri reið á vaðið með þessa þjónustu og í lok ágúst fór Upplýsingamiðstöðin að forflokka erindi á skyndivaktina á Akureyri. Þessi tilraun tókst vel og komum fækkaði á vaktina. Um helmingur allra erinda


sem berast voru leyst með símaráðgjöf. Í árslok var unnið að því að undirbúa að Heilsugæslan á Selfossi og Heilsugæslan Mjódd tækju upp samskonar samstarf við Upplýsingamiðstöðina. Mikil ánægja er með forflokkun á Akureyri en áskorun felst í því að byggja upp sterka mönnun á Upplýsingamiðstöðinni og þjálfa hjúkrunarfræðinga í hlutverki sínu í takt við hraðan vöxt verkefnisins.

Upplýsingamiðstöðin tók á árinu 2023 að sér að veita ráðgjöf vegna veikinda fyrir fimm heilsugæslustöðvar HH sem voru í mönnunarvanda. Símsvari stöðvanna áframsendi símtöl til miðstöðvarinnar þegar að fólk valdi að fá ráðgjöf vegna veikinda.

Sjúkraflutningar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Upplýsingamiðstöðin hófu einnig samstarf á árinu 2023. Samstarfið fólst í því að bóka skjólstæðinga sem vitjað er af SHS í tíma á heilsugæslu næsta dag, ef mat sjúkraflutningamanna var að viðkomandi þyrfti ekki lækniþjónustu samstundis. Samstarfið við hefur verið farsælt og gefið afar góða raun.

Í árslok flutti Upplýsingamiðstöðin úr Álfabakka 14a í Þönglabakka 1. Fyrra húsnæði var algerlega sprungið, enda óx starfsemi miðstöðvarinnar hratt á árinu.

Fjöldi erinda 2022-2023



Fjöldi erinda á dag*



*Meðaltal fyrir árið 2023




UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – SÍMTÖL

Upplýsingamiðstöð HH hóf svörun 1700 vaktsímans á dagvinnutíma 1. september 2022. Í kjölfar auglýsingaherferðar sem Heilbrigðisráðuneytið hóf sumarið 2023 til að minnka álag á bráðamóttöku fór miðstöðin að svara símtölum 1700 ásamt Læknavaktinni um kvöld og helgar til að mæta auknu álagi. Við þessa breytingu fjölgaði símtölum hjá Upplýsingamiðstöðinni á kvöldin og um helgar og var hjúkrunarfræðingum á kvöld- og helgarvöktum fjölgað.

Upplýsingamiðstöðin hóf samstarf við vakthafandi lækni á héraðsvakt höfuðborgarsvæðisins. Símtölum til vakthafandi læknis var svarað af ákveðnum hjúkrunarfræðingum Upplýsingamiðstöðvar sem fengu sértæka þjálfun. Erindin voru metin af hjúkrunarfræðingi sem veitti ráðgjöf og kom málum í farveg.

Í ársbyrjun kom beiðni frá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL) þess efnis að Upplýsingamiðstöðin tæki símtöl sem berast deildinni frá foreldrum sem eru í vanda vegna barna sinna og leita til BUGL en eru ekki í þjónustu þar. Geðheilsumiðstöð barna kom að undirbúningi og 1. júní fóru móttökuritarar á BUGL að áframsenda þessi símtöl. Geðheilsumiðstöð barna tók boltann með hjúkrunarfræðingum Upplýsingamiðstöðvarinnar, héldu fræðslufund og hafa verið þeim til stuðnings og aðstoðar í erfiðum málum.

Úrlausn á erindum í síma




■ Ráðgjöf í síma ■ Vísun á bráðamóttöku ■ Vísun á heilsugæslu eða vaktlækni






UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – LANDIÐ

Upplýsingamiðstöð HH þjónustar fólk af landinu öllu. Fólk utan höfuðborgarsvæðisins leitaði mikið til miðstöðvarinnar í síma árið 2023. Ástæðan er einkum sú að miðstöðin fór að taka að taka vaksímann 1700 ásamt Læknavaktinni um kvöld og helgar en einnig vegna samstarfsins við Heilsugæsluna á Akureyri.

Þjónusta eftir landshlutum



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra heimsótti Upplýsingamiðstöð HH í júní 2023 þegar átaki til að minna á 1700-símann var ýtt úr vör.



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – NETSPJALL


Netspjallið á vefnum heilsuvera.is er mikið nýtt fyrir ýmiskonar fyrirspurnir og samskipti. Erindi sem koma í gegnum netspjallið eru margvísleg en markmiðið er alltaf að svara öllum erindum fljótt og vel.

Á netspjalli Heilsuveru fóru um 31.000 erindi til fulltrúa, um 20.000 erindi til hjúkrunarfræðinga og um 10.000 erindi voru leyst af Veru, snjallmenni netspjalls Heilsuveru.


Við upphaf spjalls getur fólk valið erindi. Þau erindi sem voru oftast valin á árinu 2023 voru veikindi, börn og lyfjamál.

Upplýsingamiðstöðin hefur frá miðju ári 2022 boðið upp á bólusetningarráðgjöf fyrir ferðalög á netspjallinu. Beiðnum um ráðgjöf fjölgaði mikið á árinu 2023 og var heildarfjöldi áætlað alls 4.920.

Hverjir leystu úr netspjalli?



Valdir flokkar á netspjalli



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – HEILSUVERA


Þekkingarvefurinn á heilsuvera.is hefur verið byggður hratt upp og er þar nú að finna gagnlegar upplýsingar á skiljanlegu máli. Þar getur almenningur kynnt sér sjúkdóma og sjúkdómseinkenni, heilsu og heilbrigði og heilbrigðiskerfið almennt. Á Upplýsingamiðstöð HH er teymi sérfræðinga sem vinna efni á þekkingarvefinn í samvinnu við Embætti landlæknis og Landspítalann.

Síðan var uppfærð og endurskipulögð á árinu 2023 með það að leiðarljósi að sem flestir notendur ættu auðvelt með að nýta sér þær upplýsingar sem þar er að finna. Mikið magn nýrra greina var birt á árinu á íslensku, en einnig á ensku og pólsku.

Taldar voru ríflega 3,5 milljónir heimsókna á síðuna á árinu 2023 sem er talsvert minna en árin þar á undan. Skýringin er einkum sú að síðan var mikið notuð á meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð, og var þá efni tengt faraldrinum lang mest skoðaða efnið á síðunni. Notkunin dróst saman að faraldri loknum en var enn langt yfir notkuninni á árunum fyrir faraldurinn.

Vinsælasta lesefnið á árinu 2023 var um hálsbólgu, lyf og bólusetningar, lungabólgu, sveppasýkingu á kynfærum, niðurgang hjá fullorðnum, meðgöngu og fæðingu, gyllinæð, næringu 6-12 mánaða barna og eyrnabólgu. Þessi mikla breidd sýnir að vefurinn er notaður af mjög fjölbreyttum hópi notenda.

Heimsóknir á þekkingarvefinn
Milljónir heimsókna



BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI

Talsverðar breytingar urðu á húsnæðismálum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á árinu 2023. Ýmsar starfsstöðvar fluttu sig um set auk þess sem unnið var að þarfagreiningum fyrir nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar í Miðbæ, Hafnarfirði og Garðabæ.

Heilsugæslan Hlíðum flutti í byrjun sumars í nýja og glæsilega heilsugæslustöð við Skógarhlíð 18. Fyrri húsnæði stöðvarinnar í Drápuhlíð var orðið allt of lítið og úr sér gengið. Öll aðstaða fyrir bæði skjólstæðinga og starfsfólk er mun betri í nýju stöðinni. Þá er aðgengi mun betra og næg bílastæði.

Þrjú geðheilsuteymi HH fluttu starfsemi sína í nýtt húsnæði við Vegmúla 3 haustið 2023. Geðheilsumiðstöð barna, Geðheilsuteymi taugabroskaraskana og Geðheilsuteymi ADHD fengu aðstöðu í húsnæðinu. Þar sem starfsemi teymanna var áður á mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu leiddu flutningarnir til aukins samstarfs og samþættingar á milli teyma og bættu möguleika á þverfaglegri vinnu.

Vegna viðgerða á húsnæði Heilsugæslunnar

Grafarvogi í Spönginni þurfti að flytja alla starfsemi stöðvarinnar í Hraunbæ 115. Starfsemin flutti seint í febrúar 2023. Eftir flutninginn hófst umfangsmikil vinna við viðgerðir utan og innan á húsnæðinu í Spönginni. Samhliða þeirri vinnu verður stöðin endurskipulögð og nútímavædd.



COVID-MUNIR Á ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Ýmsir munir tengdir Covid-19 heimsfaraldrinum voru afhentir Þjóðminjasafninu til varðveislu í desember 2023. Meðal þess sem var afhent var búningur starfsfólks, hlífðarbúnaður, merkingar og tóm lyfjaglös undan bóluefni.

Þó margir vilji kannski gleyma heimsfaraldrinum sem fyrst er mikilvægt að varðveita muni sem voru notaðir við þessar einstöku aðstæður í sögu þjóðarinnar. Starfsfólk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gætti vel að því að halda utan um muni frá faraldrinum og verða þeir nú varðveittir á Þjóðminjasafninu um aldur og ævi.

Það þótti viðeigandi að munir tengdir Covid-19 faraldrinum þyrftu að fara í einangrun í sex mánuði hjá safninu, enda þurfti stór hluti landsmanna að fara í einangrun á meðal faraldurinn gekk yfir. Það verklag að einangra nýja muni sem berast safninu einskorðast reyndar ekki við muni tengda heimsfaraldrinum heldur er það vinnuregla fyrir flesta nýja muni.



Á myndinni eru (f.v.): Elín Eiríksdóttir, Anna Bryndís Blöndal, Margrét Héðinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Harpa Þórsdóttir, Ágústa Kristófersdóttir og Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir.




FRÆÐADAGUR




Fræðadagur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var haldinn í nóvember og var hann venju samkvæmt afar vel sóttur, bæði af starfsfólki HH og starfsfólki annarra heilsugæslustöðva á landinu. Þetta var í þrettánda skiptið sem HH stóð fyrir fræðadögum. Boðið var upp á fyrirlestra og kynningar um vítt svið heilbrigðismála og voru málstofur í þremur sölum samhliða.

Eins og árið áður var gerð könnun meðal þátttakenda eftir fræðadaginn til að meta hvernig til tókst. Niðurstöðurnar sýndu mikla ánægju með fyrirlestra og aðstöðu og verða þær nýttar við undirbúning næstu fræðadaga.



VEFUR OG KYNNINGARMÁL



Stjórnendur og aðrir sérfræðingar innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru gjarnan kallaðir til þegar fjölmiðlar fjalla um heilbrigðismál og er alltaf reynt að verða við óskum um viðtöl eða upplýsingar. Þá er reglulega upplýst um breytingar á þjónustu eða nýningar í starfseminni.

Á vef HH, heilsugaeslan.is má finna ítarlegar upplýsingar um þjónustu allra eininga, fréttir af starfseminni, upplýsingar um námskeið og fleira. Talsverð aukning varð á notkun á vefnum á meðan Covid-19 faraldurinn gekk yfir en notkunin á árinu 2023 var aftur orðin nær því sem eðlilegt má telja.

HH nýtir talsvert samfélagsmiðla til að upplýsa um þjónustuna og eiga samtál við notendur. Heilsugæslan notar Facebook og Instagram en auk þess heldur Upplýsingamiðstöð HH úti Instagram og TikTok í nafni Heilsuveru til að deila upplýsingum af þekkingarvefnum.



MANNAUÐUR



Starfsfólkið er helsta auðlind Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og markmiðið er að öflugt teymi ánægðra starfsmanna veiti framúrskarandi þjónustu til skjólstæðinga.

Áhersla er lögð á að leita allra leiða til að hlúa að starfsfólki og samkvæmt Stofnun ársins er starfsandi mjög góður.

Nýjar áskoranir varðandi mönnun hafa komið fram með nýjum verkefnum og auknu umfangi starfseminnar. HH hefur mætt þessum áskorunum meðal annars með því að kynna stofnunina betur fyrir nemum á heilbrigðissviði og fá fleiri fagstéttir til starfa á starfsstöðvum hennar.

HH tekur virkan þátt í menntun heilbrigðisstétta. Á hverju ári eru margar fagstéttir í verknámi hjá stofnuninni. Þar má meðal annars nefna hjúkrunarnema, læknanema, sjúkraliðanema, nema í heilbrigðisgagnafræði og nema í ljósmóðurfræði. Auk þess má nefna sálfræðinema, nema í heilbrigðisritun, nema í þroskþjálfun og nema í iðjuþjálfun. Stefnt er að því að taka á móti nemum í sjúkrapþjálfun á næstu misserum.

Í jafnréttis- og mannréttindastefnu HH eru stjórnendur og aðrir starfsmenn minntir á mikilvægi þess að allir fái notið sín og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum ólíkra hópa.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er með jafnlaunavottun frá árinu 2019.


959
STARFSMENN ÞANN
31. DESEMBER 2023

7% VEIKINDA-
HLUTFALL




ÁRSVERK EFTIR KYNI OG ALDRI

Kynjaskipting 2023



■ Karlur ■ Konur

Aldursskipting starfsfólks eftir kyni 2023



■ 15-24 ár ■ 25-34 ár ■ 35-44 ár ■ 45-54 ár ■ 55-64 ár ■ 65+ ár



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Heilsugæslustöð	2022	2023
Heilsugæslan Árbæ	35,1	34,7
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	21,4	21,1
Heilsugæslan Efstaleiti	24,7	24,8
Heilsugæslan Fjörður	28,1	27,1
Heilsugæslan Garðabæ	30,0	32,0
Heilsugæslan Glæsibæ	19,7	21,0
Heilsugæslan Grafarvogi	21,3	19,8
Heilsugæslan Hamraborg	23,3	24,3
Heilsugæslan Hlíðum	23,8	24,5
Heilsugæslan Hvammi	21,1	20,8
Heilsugæslan Miðbæ	23,1	22,5
Heilsugæslan Mjódd	21,5	22,1
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	22,6	20,3
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	28,1	29,7
Heilsugæslan Sólvangi	36,4	36,0
Samtals	380,4	380,7



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Sérþjónusta	2022	2023
Geðheilsuteymi austur	14,5	13,8
Geðheilsuteymi suður	12,4	13,8
Geðheilsuteymi vestur	13,9	15,5
Geðheilsumiðstöð barna	35,4	40,3
Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna	4,2	7,1
Geðheilsuteymi fangelsa	4,7	3,5
Geðheilsuteymi taugabroskaraskana	6,1	7,0
Heilaörvunarmiðstöð	2,0	2,9
Covid-verkefni	14,1	0,5
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	6,3	8,0
Heimahjúkrun	84,8	85,8
Hólmsheiði hjúkrun	1,2	1,7
Heilsubrú	2,1	6,3
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	9,6	8,2
Skrifstofa og önnur verkefni	65,4	63,4
Upplýsingamiðstöð	8,9	19,1
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	13,1	10,8
Samtals	298,6	307,9




ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM

Stéttarfélag	2022	2023
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	193,3	199,6
Félag sjúkrabjálfa	3,5	4,0
Félagsráðgjafafélag Íslands	7,4	10,6
Fræðagarður	24,6	24,7
Iðjubjálfafélag Íslands	5,2	6,8
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	15,6	13,8
Læknafélag Íslands	153,2	148,8
Ljósmeðrafélag Íslands	21,1	22,9
Lyfjafræðingafélag Íslands	1,2	1,4
Sálfræðingafélag Íslands	59,0	60,9
Sameyki	144,8	139,3
Sjúkraliðafélag Íslands	41,2	46,4
Starfsmannafélög sveitarfélaga	2,2	1,8
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga	1,0	1,0
Þroskabjálfafélag Íslands	3,6	5,1
Utan félaga	2,0	2,0
Samtals	679,0	688,8




STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók þátt í hinni árlegu starfsumhverfiskönnun Stofnun ársins. Áfram var áberandi góður starfsandi hjá HH auk þess sem ánægja og stolt starfsfólks fá einnig háa einkunn. Stofnunin lækkaði um eitt sæti á milli ára í sínum stærðarflokki, úr 19. sætinu í 20. sæti þrátt fyrir að starfsánægja hafi mælst meiri en árið 2022.



STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA



ÞJÁLFUN OG NÁMSKEIÐ



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar fái tækifæri til starfsþróunar og sí- og endurmenntunar. Fræðsla á vegum sviðs mannauðs- og nýliðunar tekur mið af því að efla starfshæfni og tryggja að starfsfólk fái góða þjálfun. Fræðsla fyrir stjórnendur er fjölbreytt og haldin mánaðarlega. HH býður stjórnendum upp á lengri leiðtoganámskeið árlega og í nóvember 2023 var jafnframt haldinn starfsdagur stjórnenda þar sem stjórnendur frá öllum starfsstöðvum HH komu saman. Þá var stjórnendum boðið upp á námskeið í andlegri þrautseigju.

Árið 2023 sóttu skrifstofustjórar, ritarar og heilbrigðisgagnafræðingar einnig vel heppnað fræðslunámskeið og verður sú fræðsla haldin reglulega með því markmiði að efla starfsfólk í starfi sínu. Áhersla er lögð á að taka vel á móti nýju starfsfólki og bjóða það velkomið með öflugri nýliðafræðslu þar sem starfsemi HH er kynnt.


Andleg og líkamleg vellíðan og heilsa starfsfólks er mikilvæg og vill stofnunin stuðla að heilsusamlegu líferni starfsfólks. HH tekur þátt í viðburðum á borð við Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu og hefur starfsfólk náð góðum árangri í þeim viðburðum.

STUÐNINGS- OG RÁÐGJAFARTEYMI

Stuðnings- og ráðgjafarteymi HH starfar á vegum sviðs mannauðs og nýliðunar. Markmið teymisins er að styrkja starfsmenn sem standa frammi fyrir álagi, áföllum eða hverju því sem hefur veruleg áhrif á líðan þeirra í starfi og/eða starfsumhverfi. Stuðnings- og ráðgjafarteymi HH tók til starfa í byrjun febrúar 2022 og var árið 2023 því fyrsta heila starfsár teymisins.

Árið 2023 bárust samtals 26 beiðnir. Af þeim bárust 9 frá starfsfólki en 17 bárust frá yfirmönnum. Teymið tók samtals 68 viðtöl og 22 símtöl við úrvinnslu á þeim málum sem bárust.

Efni viðtala við einstaklinga 2023



ÁRSHÁTÍÐ

Fyrsta árshátíð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá því fyrir heimsfaraldur Covid-19 var haldin 18. mars 2023. Starfsfólk kom saman í veislusal í Gullhömrum þar sem boðið var upp á mat og drykk.

Saga Garðarsdóttir uppistandari var veislustjóri og bauð upp á bæði uppistand og leiki með veislugestum. Þegar liðið var á kvöldið steig hljómsveitin Stjórnin á stökk og lék fyrir dansi. Þá kom Stefán Hilmarsson, leynigestur kvöldsins, fram og tók nokkur af sínum þekktustu lögum.

Metþáttaka var á árshátíðinni og almenn ánægja með kvöldið.




REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	12M			
	2023	2022	Breyting	%
Tekjur				
Seld þjónusta	8.921	7.722	1.200	15,5%
Tekjufært ríkisframlag (fjárlög)	5.461	6.293	(832)	-13,2%
Framlög og ýmsar tekjur	458	509	(51)	-9,9%
Aðrar tekjur	5	4	1	21,3%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	57	62	(4)	-6,8%
Tekjur samtals	14.903	14.589	314	2,2%
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	10.335	9.689	646	6,7%
Annar rekstrarkostnaður	4.030	4.015	15	0,4%
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	1	3	(2)	-62,7%
Afskriftir og niðurfærslur	57	62	(4)	-6,8%
Gjöld samtals	14.424	13.769	655	4,8%
Afkoma ársins	479	820	(341)	-41,6%



ÞRÓUN TEKNA Á ÁRUNUM 2020-2023




LAUNAKOSTNAÐUR

Fjárhæðir í milljónum króna	12M			
	2023	2022	Breyting	Breyting
Launagjöld				
Dagvinnulaun	6.804	6.362	443	7,0%
Yfirvinna	549	659	(110)	-16,7%
Álagsgreiðslur og önnur laun	1.060	937	124	13,2%
Orlofs skuldbinding	71	(24)	95	399,4%
Launatengd gjöld	1.851	1.755	95	5,4%
Samtals	10.335	9.689	646	6,7%
Meðalfjöldi stöðugilda	689	678	11	1,6%



AFGANGUR AF REKSTRI

Afkoma



EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	2023	12M 2022	Breyting
Eignir			
Handbært fé	238	101	137
Viðskiptakröfur	54	58	(5)
Tengdir aðilar	2.505	2.819	(314)
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	23	55	(32)
Birgðir	33	34	(2)
Varanlegir rekstrarfjármunir	305	272	33
Eignir samtals	3.158	3.340	(182)
Skuldir			
Tengdir aðilar	315	172	143
Viðskiptaskuldir	175	208	(33)
Ýmsar skammtímaskuldir	1.170	1.099	71
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	300	288	12
Skuldir samtals	1.960	1.768	192
Eigið fé			
Hrein eign	1.197	1.572	(375)
Eigið fé og skuldir samtals	3.158	3.340	(182)




EIGIÐ FÉ

Fjárhæðir í milljónum króna	2023	12M 2022	Breyting
Eigið fé			
Eigið fé í byrjun árs	1.572	2.789	(1.217)
Breyting á árslokastöðu fyrra árs	(854)	(2.037)	1.183
Afkoma ársins	479	820	(341)
Eigið fé í lok árs	1.197	1.572	375
 Eiginfjárhlutfall	 37,9%	 47,1%	 -9,1%



HEILDARKOSTNAÐUR HEILSUGÆSLUSTÖÐVA



HEILDARKOSTNAÐUR ANNARRA STARFSSTÖÐVA

